



Vesturlandskógar

Ársskýrsla Vesturlandskóga 2006
Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2006
Ársreikningur 2006

Gert í júlí 2007.

S.Á.

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2006.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs	3
Fjárveitingar	4
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	5
Helstu framkvæmdir	6
Gróðursetning til fjölnytjaskóga	6
Skjólbeltarækt	8
Áburðargjöf	10
Jarðvinnsla	10
Kortlagning og áætlanagerð	11
Skráning gróðursetninga	11
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	12
Grænni skógar á Vesturlandi	12
Heimasíða Vesturlandsskóga	14
Tölur:	15

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2006

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2006

Inngangur.

Árið 2006 var sjöunda starfsár Vesturlandsskóga. Vesturlandsskógar studdu sem áður við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV) með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fjögur tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2006.

Starfsmenn, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson, sem starfaði allt árið og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sem kom reyndar úr fæðingarorlofi 24. júlí. Hún sér m.a. um að halda utan um vefsíðu Vesturlandsskóga. Guðmundur Sigurðsson hefur sem fyrr séð um að stimpla fylgiskjöl bókhalds og fært sjóðsbók, en Fjárýsla ríkisins (áður Ríkisbókhald) færir bókhaldið að öðru leyti. Guðmundur hefur einnig séð að mestu um samskipti við bændur og verktaka vegna skjólbeltaræktar og verið ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Auk þess hefur hann verið ritari á fundum stjórnar Vesturlandsskóga og umsjónarmaður með námskeiðshaldi verkefnisins. Svæði Vesturlandsskóga skiptist þannig milli starfsmanna, að Guðmundur sinnir Snæfellsnesi og Mýrunum vestan Borgarhrepps, Suður-Borgarfirði og Kjósasýslu. Sigríður Júlía Borgarfjarðarsýslu norðan Heiðar, Borgarhreppi, Norðurárdal, Þverárhlið, Stafholtstungum og Hvítársíðu. Saman sinna Guðmundur og Sigríður Júlía Dalabyggð og Saurbæ. Um sumarið starfaði hjá Vesturlandsskógum Rakel Jakobína Jónsdóttir. Hún sinnti heimsóknum til bænda, sem eru í framkvæmdum og gerði nokkrar ræktunarátlanir.

Veðurfar.

Árið 2006 var veðurfarslega miðlungsár til skógræktar. Veturinn var tiltölulega mildur eins og undanfarin ár og snjóléttur, en vorið, einkum maí, kalt. Maí var hins vegar ekki eins þurr og undanfarin ár, því í síðari hluta maí byrjaði að rigna. En veður var áfram hryssingslegt. Júní var kaldur og votur, en júlí var í meðallagi hlýr. Þó má segja að veður hafi ekki batnað fyrr en nokkrir dagar voru liðnir af júlímánuði. Ágúst mánuður var bara þökkalegur, hiti í ríflegu meðallagi, en úrkoma með minna móti. September var óvenjuhlýr, t.d. 3,1°C yfir meðallagi í Reykjavík. Síðast var hlýrra í september árið 1958. Október var veðurgóður og í meðallagi hlýr. Um og uppúr miðjum nóvember kólnaði hressilega og fór hitinn niðurundir -20° sums staðar inn til landsins í því kuldakasti. Síðustu tveir mánuðir ársins voru óvenjustormsamir.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður fór ekki mjög illa út úr maíhretinu, sem stóð þó nánast allan mánuðinn. Eitthvað var um að greniplöntur yrðu fyrir vorkali, en náðu sér samt flestar aftur á strik síðar um sumarið. Einhver afföll hefur þessi veðráttá þó haft í för með sér, sérstaklega þar sem mikil samkeppni er við grasvöxt í ofanálág. Þar sem þetta var fjórða árið í röð, sem maífrost höggva skörð í ungar gróðursetningar, má búast við að náttúran hafi valið úr hentugasta erfðaeefnið til að þola slík aföll úr gróðursetningum undanfarinna ára. En að hinu leytinu er auðvitað um verulegt tjón að ræða. Aspir komu sérlega illa undan vetri þetta vorið. Ástæðan er nokkuð ljós: Ágúst, september og október 2005 voru með eindæmum kaldir mánuðir og náðu plöntur því ekki að búa sig nógu vel undir veturinn, en til slíks undirbúnings þurfa þær eitthvert lágmark bæði af hita og sólarljósi frá því að vexti lýkur síðsumars og fram á haust. M.a.s. bar á því, að stálpaðar aspir dræpust alveg. Hið góða tíðarfar í ágúst til október 2006 ætti að sama skapi að stuðla að því, að tré hafi farið vel búin undir vetur og verði því óvenjulífleg vorið 2007. Enn eina ferðina var sums staðar maðkafár í víði og birki. Lítið bar á grenilús og má búast við að kulddinn í nóvember hafi nær gert útaf við lúsarstofninn, allavega í uppsveitum Borgarfjarðar. Trjávöxtur varð yfirleitt umtalsvert minni þetta sumar en flest undanfarin sumur og á það við um allar tegundir. Hins vegar er von til þess,

að hagstætt tíðarfar í ágúst-október leiði til þess, að trjávöxtur verði víðast með besta móti næsta sumar, ef verðurfar það sumarið verður þokkalegt. Má t.d. nánast bóka góðan vöxt í stafafuru sumarið 2007.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 64,7 milljónum, sem er aukning um 3,9% frá árinu áður, þegar þær voru 62,3 milljónir króna, en samt langt undir þeirri langtímaáætlun, sem alþingi samþykkti vorið 2003. Frá desember 2005 - desember 2006 hækkaði launavísitalan um 11,0%, þannig að fjárveitingin hefur í raun lækkað verulega milli ára. Samanborið við upphæðina, sem ætluð var til verkefnisins á árinu 2006, skv. ályktun alþingis frá árinu 2003 voru þetta mikil vonbrigði, enda í þeirri tillögu gert ráð fyrir 72 milljónum króna til Vesturlandsskóga á árinu 2006. Með verðtryggingu hefði þessi upphæð átta að verða kr. 79,2 milljónir. Þess vegna fóru Vesturlandsskógar langt fram úr fjárveitingu fyrir árið 2006, enda höfðu verið pantaðar plöntur með hliðsjón af því fyrirheiti, sem gefið var í ályktun Alþingis frá 2003.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt þrjá fundi á árinu 2006. Þá er ekki talinn með “fundur” sem fólst í því, að stjórn Vesturlandsskóga, stjórn og varastjórn FsV og starfsmenn Vesturlandsskóga skoðuðu skógrækt á Mýrum og á Snæfellsnesi dagana 4. og 5. júlí. Stjórnin var eins skipuð og árið áður: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagnum á Vesturlandi. Ný lög voru sett um landshlutabundin skógræktarverkefni á sumarþingi árið 2006. Skv. þeim varð sú breyting á skipan stjórnar Vesturlandsskóga, að stjórnarmönnum fækkaði um einn: Skógræktarfélagin í landshlutanum tilnefna ekki lengur fulltrúa í stjórnina. Á 28. fundi stjórnar Vesturlandsskóga, sem haldinn var 27. október tók ný stjórn við af þeirri gömlu. Í nýju stjórninni eru: Skúli Alexandersson, skipaður af landbúnaðarráðherra án tilnefningar; Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, skógarbóndi á Tungufelli í Lundareykjadal, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Hér fer á eftir stutt lýsing á ferð stjórnar Vesturlandsskóga og stjórnar og varastjórnar FsV, ásamt starfsmönnum Vesturlandsskóga um Mýrar og Snæfellsnes dagana 4. og 5. júlí 2006: Þátttakendur í ferðinni hittust í Hyrnunni í Borgarnesi uppúr kl. 9 að morgni þess 4. júlí. Eftir kaffisopa í Hyrnunni var ekið sem leið liggur að Brúarlandi. Þar tóku á móti okkur Guðbrandur Brynjólfsson, svínabóndi og skógræktarfrömuður og kona hans, Snjólaug Guðmundsdóttir, handverkslistamaður. Því gat bæði að líta handverksmuni Snjólaugar og skjólbeltin. Mest hefur verið notað af brúnum alaskavíði og þykir Guðbrandur hann eftir á að hyggja of umfangsmikill, allavega þarf meira en hið venjulega 2 m bil milli raða af honum og næstu trjáraðar. Helst myndi Guðbrandur vilja nota aðra klóna en hinn brúna alaskavíði. Áður en haldið var áfram, þágu gestir kaffi og meðlæti af þeim hjónum. Næst var haldið í Dalsmynni í Eyjahreppi. Margrét sýndi okkur skógarlundinn, sem hún hefur ræktað á undanförunum áratugum. Hann ber þess merki að flest trén hafa ítrekað brotnað undan snjóþunga. Margrét taldi af og frá að velja skógræktinni bestu (skjólslælustu) svæði jarðarinnar. Á slíkum stöðum megi vænta mikils snjóbrots.

Næst var haldið í Söðulsholt og fylgst með gróðursetningarvél þeirra Einars Ólafssonar í vinnu. Síðan var farið til Auðuns og Önnu á Rauðkollsstöðum, skjólbelti og skógrækt skoðuð og þegnar kaffiveitingar utanhúss í blíðskaparveðri. Næsti viðkomustaður var gróðrarstöðin Lágafelli, sem reyndar er staðsett við Vegamót. Þar gátu menn séð plöntuframléiðsluna í gangi. Stóð birkisáning yfir, þegar við komum í gróðrarstöðina. Skammt vestan vegamóta eru Hofsstadir og Hofsstaðaskógur. Þetta er nokkurra áratuga gamall skógur, aðallega sitkagreni/bastarður. Grenið hefur tekið þarna góðum framförum á sl. árum, vaxið áfallalaust og hæfilega hratt til að missa ekki toppana í hvassviðri. Hofstaðareiturinn sýnir, svo ekki verður um villst, að hægt er að rækta sígræna barrskóga á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Næsti áfangi farar okkar varð nokkuð langur. Þó var gert stutt stopp að Fossi og skoðuð skjólbelti þar. Síðan var ekki staðnæmst fyrr en við helli nokkurn uppundir Snæfellsjökli. Var nú ekið sem leið liggur að Arnarstapa, þar sem menn teiguðu að vitum sér sjávarloftið, fengu litið gömul, fallega uppgerð hús, t.d.húsið, sem Hjörleifur Stefánsson o.fl. eiga heiðurinn af að gera upp. Drukkið var kaffi og meðlæti á yndislegu kaffihúsi niðri í klettavíkinni við Arnarstapa.

Frá Arnarstapa var ekið til Hellissands, en með viðkomu á nokkrum völdum stöðum, sem Skúli Alexandersson vísaði okkur á, enda ekki alveg laust við að hann sé staðkunnugur á svæðinu. T.d. skoðuðum við státnar elriplöntur í sandorpnu hrauni, sem eru í þann mund að byrja að sá sér út. Við skoðuðum sjaldséðar blómjurtir, altént sjaldséðar í innsveitum, þar sem skógræktin hefur verið mest stunduð til skamms tíma. Um kvöldið var matast á hótelinu á Hellissandi, þar sem einnig var gist um nóttina.

Að morgni hins 5. júlí var byrjað á að skoða hinna sérstæðu byggingarlist, sem einkennir þorpið á Hellissandi, sérstaklega hin eldri hús, einnig byggðasafnið og kirkjuna sem og landgræðsluskógræktarsvæðið. Síðan var ekið um kríuvarp mikið áleiðis að Rifi, þar sem ennþá meira var af kríu og um þorpið þar. Lá nú leiðin í Ólafsvík, þar sem við áðum við bækistöð RARIK og skoðuðum skóginn, sem þar er að vaxa upp allt um kring. Mjög efnilegt skógræktarsvæði. Áfram var haldið framhjá því fræga plássi Kvíabryggju, þar sem viðvera Árna Jónsen hefur sett svip á umhverfið, gegnum þorpið í Grundafirði og ekki áð fyrr en á fjórum fiskum í Stykkishólmi, hvar etin var sjávarréttasúpa. Þangað kom til móts við okkur Trausti Tryggvason, stjórnarmaður Vesturlandsskóga. Hann sýndi okkur fyrst ýmislegt handverk úr íslenskum viði, en fór síðan með okkur í skógarferð. Fyrst í Grensásinn, þar sem mikið hefur verið gert fyrir útivistarfólk með skógarstígum, bekkjum og borðum. Þaðan var haldið í Sauraskóg og tekinn um hann langur göngutúr. Er greinilegt að þar er á ferðinni upprennandi mikill skógur. Við kvöddum Trausta og ókum framhjá reit skógræktarfélags Stykkishólms utan í Drápuhlíðarfjalli, staðnæmdumst þar skamma stund, en héldum svo áfram framhjá skógræktarbýlinu Svelgsá, inn Álftafjörð og út hann að austanverðu. Þar var stoppað í Klungurbrekku og gengið til móts við rósarunnana, sem þar vaxa á stórum blettum í fjallinu ofan við bæinn. Ekki sýndist okkur vera blóm á rósinni þetta árið. Haldið var áfram inn Skógarströndina, framhjá skógræktarbýlunum Hálsi og Valshamri (sem reyndar er ekki í Vesturlandsskógum), Vörðufelli og sem leið liggur að Innra-Leiti. Þar var stoppað, skoðuð skóg- og skjólbeltarækt og þegnar veitingar hjá þeim hjónum, Jóhönnu og Jóni. Stutt er síðan framkvæmdir hófust þar. Land á þessum slóðum er illa farið eftir margra alda ofbeit og því ekki lengur um auðugan garð að gresja til hefðbundins búrekstrar. Eru líka flestar jarðir á Skógarströndinni komnar í eigu þéttbýlisbúa, sem þó dvelja sumir meira eða minna á jörðum sínum og stunda margir hverjir skógrækt. Því er nokkur von til þess, að innan nokkurra áratuga beri Skógarströndin aftur nafn með rentu. Að lokinni heimsókn okkar til þessara heiðurshjóna var haldið aftur í Borgarnes og hringnum lokað.

Samningar við bændur.

Árið 2006 bættust aðeins við 3 þinglýstir samningar um fjölnytjaskógrækt. Í árslok 2006 höfðu samtals verið gerðir samningar við 101 bónda. Alls taka samningar þessir til 8245 ha, sem er

liðlega helmingur þess lands, sem Vesturlandsskógar hafa einsett sér að ræktaðir verði á nytjaskógar á næstu 34 árum. Alls hefur verið gróðursett í um fjórðung umsamins lands. Auk þess er ætlunin að ræktaðir verði landbótaskógar á 20.000 ha á næstu 34 árum. Nú hillir undir að fyrsta stóra svæðið til landgræðsluskógræktar komi til skjalanna. Vonandi verður hægt að greina nánar frá því máli í skýrslu næsta árs.

Árið 2006 voru gerðir skjólbeltsamningar við 5 bændur. Hafa því alls verið gerðir skjólbeltsamningar við 128 bændur á Vesturlandi.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2006 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga u.þ.b. 786.000 plöntur og stiklingar (settir voru liðlega 34.000 stiklingar af alaskaösp og 2.600 af víði (Sanda)). Þetta er % aukning milli ára, sem er allnokkuð miðað við það að fjárveitingar jukust aðeins um sem nemur hækkun kaupgjalds. Einnig var sett meira af skjólbeltum en árið áður eða 61,5 km og fóru í þessi og eldri skjólbelti samtals 66.960 plöntur og stiklingar í þau), sem er talsverð aukning frá fyrra ári, þegar settir voru 34 km af skjólbeltum. Eins og á fyrra ári dróst gróðursetning nokkuð fram eftir júlímánuði. Óvenjuhátt hlutfall var gróðursett síðsumars og um haustið, eins og fram kemur við samanburð á töflu I og töflu II. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	68.385
Sitkagreni:	155.980
Stafafura:	217.720
Rússalerki:	152.420
Ilmbjörk:	114.767
Hengibjörk:	8.480
Alaskaösp:	61.579
Fjallapöll:	700
Sitkaelri:	3.480
Sandi:	2.600

Í töflum I og II, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðirnar eftir tegundum í vor- og haustgróðursetningu.

Varðandi algengustu tegundirnar varð mest hlutfallsleg aukning í ilmbjörk (48%) og alaskaösp (20%). Gróðursetning rússalerkis minnkaði mest eða um 29%. Lítilsháttar var þetta árið gróðursett af hengibjörk, en annars er ekki ætlunin að gróðursetja miklu meira af henni fyrr en meiri reynsla er komin á ræktun hennar á Vesturlandi. Sigvaldi safnaði í félagi við sjálfboðaliða frá Skógræktarfélagi Hafnfirðinga, bræðurna Gunnar og Árna Þórhallssyni og Þorkel Þorkelsson, talsverðu lindifurufraei í Mörkinni á Hallormsstað í október. Jafnframt söfnuðu félagarnir talsverðu af gráelrifraei á Hallormsstað, sem og fraei af fjallapöll. Einnig var safnað slatta af nokkrum öðrum tegundum, s.s. skógarfuru, og rússalerki af annarri kynslóð. Þótt spennandi gæti verið að reyna fleiri tegundir, er það stefna Vesturlandsskóga, að einbeita sér að færri tegundum, enda fást ódýrari plöntur, ef keyptar eru margar af sömu tegund.

Skjólbeltarækt

Árið 2006 var sett mun minna af skjólbeltum en sl. ár, eða liðlega 18 km miðað við einfalda röð. Hins vegar voru settar samtals yfir 56 þúsund plöntur og stiklingar, því mikið var um íbætur í eldri belt. Lifun stiklinga og plantna í skjólbeltum árið 2005 hafði víða verið léleg sökum þurrka. Eins drapst talsvert af öspum og jafnvel víði í maíhretinu það árið, enda farnar að lifna, þegar hretið skall á. Svo virðist sem plöntur og stiklingar í skjólbeltum hafi lifnað nokkuð vel, það sem gróðursett var vorið 2006.

Í Töflu III á öftustu síðu má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.

Flest skjólbelti, sem ræktuð hafa verið á Vesturlandi undanfarin ár, eru einnar raðar víðibelti. Það skal ítrekað, að mikilvægt er, að láta ekki staðar nema við svo búið, heldur bæta við fleiri röðum í skjóli hins uppvaðandi víðis, trjáröðum með ýmsum tegundum, m.a. tegundum, sem verða mun hávaxnari en víðirinn, svo sem alaskaösp, álmi, selju, reyniviði og gráelri, en runnategundum inni á milli, til að þétta lágskjólið og skyggja út grasvöxt.

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu, en heldur minna í kringum lerkiplöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handflekki var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 35 ha lands á 2 jörðum, þ.e. Búðardal I og II fyrir gróðursetningu á árinu 2006.

Kortlagning og áætlanagerð.

Engir samningar voru gerðir um nýjar skógræktarjarðir á árinu 2006 og engar nýjar skógræktaráætlanir.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Starfsmenn sóttu fræðing landbúnaðarins dagana 2. og 3. febrúar. Þar var m.a. talsverð umfjöllun um skógrækt.

Norðurlandsskógar stóðu síðvetrar fyrir vel heppnaðri ráðstefnu um skógarnytjar á Mývatni. Landsmót LHV var haldið í Bæjarstaðaskógi þetta árið og fóru tveir starfsmanna Vesturlandsskóga þangað.

Stjórnir Vesturlandsskóga og FsV auk starfsmanna Vesturlandsskóga fóru í tveggja daga skoðunarferð um Mýrar og Snæfellsnes í júlímánuði. Skúli Alexandersson var leiðsögumaður hópsins um æfintýraland Þjóðgarðsins við Jökulinn. Tveir starfsmenn sóttu útgáfuhátíð skógarbókar Grænni Skóga að Reykjum í Ölfusi í Desember. Grænni skóga námskeiðin héldu áfram af fullum krafti þetta árið og eru enn yfir 30 virkir þátttakendur.

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sér um heimasíðuna. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>

Gert á árinu 2007, en gefið út í byrjun árs 2008.

S.Á.

Viðauki I

Fundargerð 27. stjórnarfundar Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu, Hvanneyri, fimmtudaginn 9.mars 2006

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson, formaður, Trausti Tryggvason, Hulda Guðmundsdóttir og Birgir Hauksson. Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 17.10.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Alls eru 33 skráðir í Grænni skóga verkefnið. Þremur námskeiðum er nú þegar lokið og það fjórða verður n.k. föstudag og laugardag.
3. Rætt var hvort birta eigi fundargerðir stjórnarfunda Vesturlandsskóga á heimasíðu Vesturlandsskóga. Samþykkt var að birta ársreikning og samþykktir stjórnarfunda.
4. Rætt var um stuðning við grunnskólana á svæði Vesturlandsskóga, sem eru í verkefninu “Lesið í skógin”, varðandi kaup á verkfærum. Samþykkt var að fresta afgreiðslu þar til fyrir liggja hvaða verkfæri vantaði helst.
5. Úttekt á gróðursetningu á vegum Vesturlandsskóga, fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að gera úttekt á gróðursetningum á svæði Vesturlandsskóga.
6. Sigvaldi kynnti frumvarp til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni sem nú liggur fyrir alþingi og hefur verið sent til umsagnar. Þar er gert ráð fyrir að, stjórn verkefnanna verði skipuð þremur mönnum í stað fjögurra og að fækkað verði um fulltrúa skógræktarfélaganna í stjórn. Meirihluti stjórnar vill óbreytta stjórnarskipan, en Hulda var meðmælt fyrirhugaðri breytingu, þar sem tekist hafði samkomulag um hana meðal skógarbænda. Samþykkt var að senda athugasemd við frumvarpið, á þá leið að leggja til að fjöldi stjórnarmanna verði óbreyttur.
1. Lagt fram bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, þar sem lögð er áhersla á, “að við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á starfsemi Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins verði starfsemi Skógræktar ríkisins á Austurlandi stórlega efla.”
2. Sigvaldi kynnti að samningar við plöntuframleiðendur hefðu verið framlengdir um plöntuframleiðslu vegna ársins 2007. Gert er ráð fyrir 11 % færri plöntum, en árið áður vegna ónógra fjárveitinga.
3. Áætlað er að um 1 milljón plantna verði gróðursettar á þessu ári í skjólbelti og nytjaskógrækt.
4. Sigvaldi hefur gengið frá ráðningu Rakelar Jónsdóttur í tvo mánuði í sumar hjá Vesturlandsskógum. Ákveðið hefur verið að loka skrifstofunni vegna sumarleyfa í tvær vikur í júlí.
5. Samþykkt að greiða styrk til starfsmanna til líkamsræktar allt að 10.000 kr. á ári.
6. Önnur mál.
Rætt um sumarferð starfsmanna og stjórnar Vesturlandsskóga. Stefnt er að því að fara á Snæfellsnesið í fyrstu viku júlímánaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30

Guðmundur Sigurðsson
Fundarritari.

Fundargerð 28. stjórnarfundar Vesturlandsskóga

Haldinn í Hvannahúsinu, Hvanneyri, fimmtudaginn 27. október 2006.

Mættir stjórnarmennirnir Skúli Alexandersson, formaður, Birgir Haukson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 14.15.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Skógrækt bænda síðastliðið sumar.
3. Fjárhagsstaða þessa árs (og þess síðasta).
4. Fjárlög 2006. Engin raunaukning frá fyrra ári.
5. Önnur mál

Skúli setti fundinn og stjórnaði honum, hann gerði grein fyrir breytingum í stjórn Vesturlandsskóga. Samkvæmt nýjum lögum, landshlutabundnu skógræktarverkefnanna, fækkaði um einn í stjórn þar sem nú eiga skógræktarfélögin ekki lengur fulltrúa í stjórn. Þórarinn Svavarsson kemur inn í stjórn sem fulltrúi Félags skógarbænda á Vesturlandi, en Hulda Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Skúli og Birgir eru áfram í stjórn. Skúli bauð nýja stjórn velkomna til starfa og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf sem og starfsmönnum Vesturlandsskóga

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Sigvaldi gerði grein fyrir gróðursetningum sumarsins, endanlegar tölur liggja ekki fyrir en rúmlega 800 þús plöntur voru gróðursettar í sumar og um 25 km plast var lagt vegna skjólbelta. Sigvaldi gerði grein afgreiðslu plantna frá plöntuframleiðendum nokkur misbrestur var með afhendingu á plöntum frá framleiðendum á réttum tíma í sumar sem að nokkru má kenna um erfiðu veðurfari í vor.
3. Sigvaldi gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Vesturlandsskóga þessa árs, líkur eru til að farið verði yfir fjárveitingu þessa árs, búast má við að það verði um 2 milj. kr. umfram áætlaðar fjárveitingar.
4. Fjárlög fyrir árið 2007 gera ráð fyrir 69.7 miljónir kr. framlagi til Vesturlandsskóga sem er um 7 % hækkun milli ára sem er engin raunhækkun milli ára.
5. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 15.10.

Guðmundur Sigurðsson
fundarritari

29. fundur stjórnar Vesturlandsskóga, haldinn í “Skála” sal Hótel Sögu, miðvikudaginn 29. nóvember kl. 10:00.

Á fundinn mættu allir stjórnarmennirnir, þ.e. Skúli Alexandersson, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt athugasemdalaust.
2. Samþykkt að styðja skógarbændur, starfsmenn og stjórnarmenn um kr. 20.000 hvern vegna námsferðar til Skotlands í ágúst á næsta ári. Ferðin er liður í námskeiðaröðinni “Grænni skógar á Vesturlandi”. Einnig var ákveðið, að starfsmenn teljist verða við vinnu sína í ferðinni.
3. Rætt um, hvort leyfa ætti töku jólatrjáa úr sammingsbundnum skóglendum. Ákveðið að skoða, hvernig þessum málum sé háttað meðal annarra verkefna.

Formaður sleit fundi að svo komnu og hófst þá sameiginlegur fundur stjórna allra LHV, ásamt framkvæmdastjórum þeirra, Níelsi Árna Lund og Arnóri Benediktssyni, lögfræðingi í ráðuneytinu..

Fundarritari var Sigvaldi Ásgeirsson.

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2006.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2006

	Reikningur 2006	Reikningur 2005
Tekjur		
Sértekjur	1.705.563	1.411.325
Gjöld samtals	70.317.229	70.793.435
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag: -68.611.666	-68.611.666	-69.382.110
Framlag ríkissjóðs	64.700.000	62.300.000
Tekjuafgangur/-halli	-3.911.666	-7.082.110

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Reikningur 2005	Reikningur 2004
Eignir		
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur – fyrirframgr.kostn.	15.385.512	19.958.928
Handbært fé	1.347.684	608.092
Veltufjármunir samtals	16.733.196	20.567.020
Eignir samtals	16.733.196	20.567.020

Skuldir og eigið fé

Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun	-1.937.050	5.145.060
Tekjujöfnuður ársins	-7.082.110	1.332.490
Höfuðstóll í árslok	-1.937.050	5.145.060
Eigið fé í árslok	-1.937.050	5.145.060

Langtímaskuldir voru engar hvorugt árið

Skammtímaskuldir

Skuld við ríkissjóð	15.337.143	7.737.590
Viðskiptaskuldir	7.244.769	14.766.480
Skuldir samtals	22.581.912	22.054.070
Eigið fé og skuldir	<u>16.733.196</u>	<u>20.567.020</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur/-halli	-3.911.666	-7.082.110
<i>Veltufé frá rekstri</i>	-3.911.666	-7.082.110
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur –lækkun/hækkun	4.573.416	-9.165.067
Viðskiptaskuldir –lækkun/hækkun	-7.521.711	8.196.770
Fjármögnunarhreyfingar		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Framlag ríkissjóðs	-64.700.000	-62.300.000
Greitt úr ríkissjóði	<u>72.299.553</u>	<u>58.522.267</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>7.599.553</u>	<u>-3.777.733</u>
Hækkun/lækkun á handbæru fé	739.592	-11.828.140
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>608.092</u>	<u>12.436.232</u>
Handbært fé í lok ársins.....	<u>1.347.684</u>	<u>608.092</u>